

athugasemdir Ingólfs Benediktssonar við drög að tillögu að matsáætlun Strandavegar í þeim efnunum en hann hefur áratugareynslu af snjómokstri á þessari leið.

Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir hvernig vinna eigi úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu.

Árneshreppur mun á síðari stigum gefa út leyfi til framkvæmda hvort sem er framkvæmdaleyfi eða byggingaleyfi þegar tilskilin gögn liggja fyrir.

3. Finnbogastaðaskóli, fyrirkomulag og verkefni framundan í sumar. Jón Eiríksson kom á fund hreppsnefndar og ákveðið varð hvaða efni verður notað til að klæða skólann.
4. Skipulagsmál, Jón lögmaður var á fundi hreppsnefndar í gegnum síma og var til umræðu ýmislegt varðandi skipulag, aðal og deiliskipulagsmál.
5. Norðurjarðarhöfn, staðan varðandi endurbætur á fiskmóttöku og fleira. Búið að mála fiskmóttökuna og laga rafmagnið. Taka þarf betur til þar innanhúss og setja upp flugnabana.
6. Oddviti fékk að bæta inn einu máli sem varðar versnandi símasamband og versnandi gæði á útsendingum útvarpsrása. Oddviti mun hafa samband við þá sem málið varðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.